

Nd.

30. Frumvarp til laga

[30. mál]

um verðstöðvun.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Magnús Kjartansson, Eðvarð Sigurðsson, Jónas Árnason, Geir Gunnarsson, Steingrímur Pálsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal með sérstakri tilkynningu ákveða, að verð á hvers konar vöru megi eigi vera hærra en það var 15. október 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og megi þau þá eigi leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega, svo sem vegna hækkunar á tollverði innfluttrar vöru. Leyfi til slíkrar verðhækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar. Enn fremur skal ríkisstjórnin ákveða, að hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu megi eigi vera hærra en hann var 15. okt. 1970. Sama gildir um umboðslaun vegna vöru-sölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Fyrirmæli fyrri málsgr. þessarar greinar taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags, í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi.

2. gr.

Nú hefur á tímabilinu frá því að frumvarp til þessara laga var flutt á Alþingi og þar til þau öðluðust gildi verið ákveðin verðhækkun á vöru eða seldri þjónustu, sem fer í bág við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á grundvelli 1. gr., og er þá slík verðhækkun ógild, og hlutaðeigandi seljandi er skyldur að lækka verðið í það, sem var á þeim tíma, er frumvarp til þessara laga var flutt á Alþingi.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að álagningarstigir útsvara og aðstöðugjalds samkvæmt lögum nr. 51/1964, með síðari breytingum, megi eigi hækka frá því, sem ákveðið var í hverju sveitarfélagi 1970, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun álagningarstiga þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, er um ræðir í síðari málsgr. 1. gr. og í lögum nr. 51/1964, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1970, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

4. gr.

Með brot út af lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. september 1971.

Greinargerð.

Á undanförunum mánuðum hefur hver verðlagshækkunin rekið aðra. Ljóst er, að stjórnarvöld hafa gjörsamlega brugðizt þeirri skyldu sinni að vinna gegn vaxandi verðbólgu og síhækkandi verðlagi.

Opinberar stofnanir hafa í mörgum tilfellum gengið á undan með verðhækkunir, og fulltrúar ríkisstjórnarinnar í verðlagsnefnd hafa ekki látið á sér standa að heimila hækkunir á álagningu og ýmiss konar þjónustu.

Reynt hefur verið að réttlæta hinar gífurlegu verðhækkunir með kauphækkunum verkalýðsfélaganna, sem samið var um í júnímánuði s. l. Þá var samið um hækkun á kaupum verkafólks um 15—18%, og gerði sú kauphækkun ekki meira en að jafna upp þá lækkun á kaupum, sem knúin hafði verið fram á undangengnum tveimur árum.

Öll rök mæltu með kauphækkuninni, sem samið var um í júní. Framleiðsla fór vaxandi, og verð á útfluttum afurðum hafði hækkað mjög mikið. Það hefði því vissulega átt að vera hægt að tryggja þá kauphækkun, sem um var samið, ef stjórnvöld landsins hefðu gætt skyldu sinnar.

Eins og nú er komið dýrtíðar- og verðlagsmálum í landinu, teljum við Alþýðubandalagsmenn, sem þetta frv. flytjum, að ekki sé um annað að ræða en að ákveða verðlagsstöðvun um tiltekinn tíma. Okkur er fyllilega ljóst, að fyrirskipun um verðstöðvun leysir ekki dýrtíðarvandamálið í sjálfu sér. En þann við verðhækkunum mundi hafa áhrif í bili og draga úr því tryllta kapphlaupi, sem nú á sér stað um hækkunir á vörum og þjónustu í flestum greinum. Verðstöðvun gæfi einnig nokkurn tíma til undirbúnings á nauðsynlegum ráðstöfunum til þess að draga úr verðhækkunarvandinum.

Það er skoðun okkar, að jafnhliða tímabundinni verðstöðvun þyrfti að hefjast handa um að ná sem víðtækustu samstarfi um eftirtaldar ráðstafanir í dýrtíðar- og verðlagsmálum:

1. Löggjöf um eignakönnun í því skyni að fá réttan grundvöll til að skattleggja verðbólgugróða.
2. Lög og framkvæmdareglur til að koma í veg fyrir skattsvik og lækka þannig verðlag.
3. Að fella niður eða lækka verulega söluskatt og tolla á nauðsynjavörum.
4. Að gera núgildandi verðlagseftirlit haldbetra og virkara en það er.
5. Að afnema nefskatta, en afla fjár í þeirra stað með hækkun skatta á stóreignum og gróða.
6. Að rækileg athugun fari fram á núgildandi verðlagi og verðlagningarreglum og verð lækkað, þar sem þess er kostur.

Ýmsar fleiri ráðstafanir til að draga úr dýrtíð kæmu til greina, og er sjálfsagt, að þær verði athugaðar, eftir því sem kostur er á.

Með frv. þessu leggjum við til, að þegar verði ákveðin verðstöðvun, sem gildi til 1. sept. 1971.

Miklu máli skiptir, að staðið verði að framkvæmdinni undanbragðalaust. Samið er um laun flestra verkalýðsfélaga til 1. október á næsta ári og mundu þau laun ekki breytast nema í samræmi við breytt verðlag.

Við lítum á verðstöðvun samkv. frv. þessu sem bráðabirgðalausn, en leggjum áherzlu á, að verðstöðvunartímann þarf að nota til að gera varanlegri ráðstafanir í dýrtíðarmálum.